

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum.

Flm.: Vilhjálmur Egilsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir,
Árni R. Arnason, Ásta Möller, Pétur H. Blöndal.

1. gr.

Við lögina bætist ný grein sem verður 6. gr., svohljóðandi:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal framselja einkaleyfi sitt til smásölu áfengis samkvæmt áfengislögum til verslana sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Rekstraraðili verslunar hefur fengið leyfi sveitarstjórnar til reksturs á áfengisútsölu sem ætlað er að vera sérverslun með áfengi.
2. Rekstraraðili verslunar, sem fyrst og fremst verslar með aðrar vörur, hefur fengið leyfi sveitarstjórnar til reksturs áfengisútsölu samhliða annarri starfsemi sinni, enda nemi það hillurými sem nýtt er undir áfengi að hámarki 5% af heildarhillurými viðkomandi verslunar. Skulu áætlanir um hillurými fyrir áfengi og útreikningar þar að lútandi lagðir fyrir sveitarstjórn samhliða umsókn um leyfi til rekstrar áfengisútsölu.

Verslunum sem selja áfengi skv. 1. mgr. er óheimill aðgangur að innkaupakerfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2002.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að opnað verði fyrir smásöluverslun með áfenga drykki á vegum fleiri aðila en Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR). Smásöluverslun með áfengi er nú alfarið í höndum ÁTVR sem hefur einkaleyfi á þessari starfsemi samkvæmt áfengislögum. Þróun íslensks samfélags á undanförunum árum hefur leitt til þess að núverandi fyrirkomulag á smásöluverslun með áfengi er orðið tímaskekkja. Viðskiptavinirnir gera sífellt aukna kröfu um þjónustu og þess vegna þjónar einokun ríkisins á smásöluverslun með áfengi ekki lengur þeim tilgangi að takmarka aðgang viðskiptavinanna að vörunni. Á undanförunum árum hafa margar útsölur verið opnaðar og ÁTVR hefur gert þá stefnubreytingu að leitast við að koma sífellt meira til móts við þarfir viðskiptavinanna. Lögum um verslun með áfengi var enn fremur breytt á vorþingi 1999 þar sem afgreiðslutími var rýmkaður og tekin af öll tvímæli um að heimilt væri að greiða fyrir vöruna með greiðslukortum.

Prentað upp.

Nú er svo komið að viðskiptavinir gera sífellt harðari kröfur um eðlilegan aðgang að vörunni, enda er neysla áfengis fyllilega lögleg eftir að tilskildum aldri er náð innan þess ramma sem áfengislög eða önnur lög leyfa. Sífellt fleiri viðskiptavinir vilja ekki vera neyddir til viðskipta við ÁTVR og taka ekki undir þá skoðun að viðskipti þeirra séu slíkt vandamál að það þarfnist einokunar ríkisins á þeim. Markmiðið með rekstri einkasölu ríkisins á áfengi hefur verið að draga úr neyslu þess með takmörkuðum aðgangi að því. Með sífellt fleiri útsölum og bættri þjónustu hefur þetta markmið smám saman vikið og fyrirkomulag starfseminnar líkist æ meira venjulegum einokunarrekstri þar sem leitast er við að uppfylla þarfir viðskiptavinanna án þess þó að kosta of miklu til. Aldrei verður þó sambærilegur möguleiki til þjónustu við viðskiptavini hjá einokunaraðila og þegar fleiri fá tækifæri til að þjóna markaðnum.

Verði sú breyting gerð sem lögð er til í frumvarpi þessu fá viðskiptavinir eðlilegan aðgang að vörunni. Sjálfsagt mun neysla áfengis eitthvað aukast, en aukningin mun væntanlega koma fram hjá þeim sem neyta áfengis í hófi. Þeir sem ofnota áfengi hafa ekki látið takmarkaðan aðgang aftra sér við neysluna hingað til þannig að lítil breyting verður á högum þeirra. Unglingum verður eftir sem áður óheimil neysla áfengis en á um það er kveðið í áfengislögum. Hóflæg neysla áfengis hjá fullorðnu fólki hefur almennt verið talin skaðlaus og jafnvel í ýmsum tilvikum til bóta fyrir heilsu og líðan.

Frumvarp þetta er einfalt í sniðum og gerir ráð fyrir að hin formlega breyting feli í sér að ÁTVR verði skylt að framselja einkaleyfi sitt til annarra aðila sem uppfylla þau skilyrði sem sett eru. Þeir sem fá leyfi til smásölu fá samkvæmt frumvarpinu fullar heimildir til þess að ákveða sjálfir um framboð af vörunni innan þess ramma sem settur yrði. Þeir munu væntanlega eiga bein viðskipti við framleiðendur og heildsöluaðila í innkaupum sínum á áfengi.

Samkvæmt áfengislögum veita sveitarstjórnir leyfi fyrir áfengisútsölum og geta bundið leyfin skilyrðum, svo sem um staðsetningu verslunar og afgreiðslutíma. Enn fremur eru gerðar kröfur til smásöluaðilans um að hann ábyrgist öryggis- og eftirlitsbúnað húsnæðisins og afmörkun frá öðrum rekstri eftir því sem við á. Dómsmálaráðherra getur kveðið nánar á um hámarksafgreiðslutíma og önnur skilyrði varðandi smásöluleyfi í reglugerð.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að áfengi verði selt í sérverslunum eða í blönduðum verslunum ásamt öðrum vörum, t.d. matvörum. Í öllum venjulegum bókhaldskerfum er unnt að halda viðskiptum með þessa vöru í blönduðum verslunum aðgreindum frá öðrum rekstri og unnt er að setja skilyrði um frágang á hillum, kælum eða annarri söluaðstöðu sem og að mæla fyrir um takmarkaðri afgreiðslutíma fyrir áfengi en aðrar vörur ef svo sýnist skynsamlegt.

Smásöluaðilum er sjálfum falið að ákveða vöruframboð og verði þetta frumvarp að lögum má reikna með að sérverslanir af ýmsu tagi gætu séð dagsins ljós sem sérhæfðu sig í sölu einstakra tegunda áfengis. Ætla má að blönduðu verslanirnar sem seldu áfengi yrðu fyrst og fremst matvöruverslanir þar sem meginframboðið yrði vín og bjór. Leyfishafar fá ekki aðgang að innkaupakerfi ÁTVR til að koma í veg fyrir mismunun.

Í frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir að ÁTVR verði lögð niður en ætla má að samkeppnisstaða einokunarsölnunnar versni nokkuð við þessa breytingu. Tíminn einn leiðir svo í ljós hvort fyrirtækið er samkeppnisfært í þeirri takmörkuðu samkeppni sem það þarf að takast á við verði frumvarp þetta að lögum. Sérstaklega má þó reikna með að breyting verði til batnaðar fyrir kaupendur vörunnar í hinum fámennari byggðum á landsbyggðinni sem hingað til hafa mátt þola grófa mismunun af hálfu ÁTVR.